




## Atvinnulíf

---



# Atvinnulíf - almennt

---

- Á Íslandi er að öllu jöfnu lítið atvinnuleysi, eða um 3%.
- Í Covid-19 faraldrinum jókst atvinnuleysi gríðarlega, sérstaklega meðal útlendinga. Það má að hluta til rekja til þess að margir útlendingar störfuðu í ferðaþjónustu og veitingageiranum en störf í þessum greinum hurfu að miklu leyti.
- Ríkisborgarar innan EES (Evrópska efnahagssvæðið) þurfa ekki atvinnuleyfi á Íslandi.
- Allt launafólk þarf að hafa kennitölu og skráð lögheimili í Þjóðskrá. [www.skra.is](http://www.skra.is).

# Ávinningur samfélagsins

---

- Öflugt atvinnulíf skiptir alla máli í samfélaginu.
- Því fleiri sem eru starfandi á vinnumarkaði því hærri tekjur fá ríkið og sveitarfélög í formi skatta.
- Skatttekjur eru notaðar til að reka skóla, heilsugæslu, spítala, í vegagerð, greiða félagslegar bætur og ótal margt annað.
- Því fleiri sem vinna þýðir einnig að minna opinbert fé er notað í útgjöld eins og atvinnuleysisbætur og félagslegar bætur.



Mynd frá VMST

# Ávinningur einstaklinga

---



- Fyrir flest fullorðið fólk skiptir miklu máli að vera í starfi.
- Starf veitir:
  - Fjárhagslegt svigrúm.
  - Innihaldsríkara daglegt líf.
  - Félagslega stöðu og tengsl.
  - Möguleika á að nýta hæfileika sína.
  - Réttindi og hlunnindi á ýmsum sviðum.
  - Möguleika á því að leggja sitt af mörkum.

# Réttindi og skyldur á vinnumarkaði

---

- Lög eru sett á alþingi og ákveðin lagaákvæði gilda fyrir alla atvinnurekendur og launafólk.
- Öllum atvinnurekendum er skylt að fara eftir vinnumarkaðslöggjöf varðandi ráðningar og samninga, vinnutíma, fjarveru frá vinnu, heilsu, öryggi og vinnuumhverfi.
- Starfsmenn hafa einnig skyldur og bera m.a. ábyrgð á því að sinna störfum sínum vel, leggja sitt af mörkum til að skapa gott vinnuumhverfi og taka þátt í skipulagðri vinnu tengdri öryggis- og umhverfismálum á vinnustaðnum.
- Launafólk (í gegnum stéttarfélög) og atvinnurekendur gera kjarasamninga sín á milli. Sérstakir samningar eru gerðir fyrir ákveðnar starfsgreinar.

# Réttindi og skyldur - framhald



- Launafólk ávinnur sér réttindi eftir því hvað það hefur verið lengi í vinnu og á vinnumarkaði.
- Starfsaldur og lífaldur skiptir bæði máli hvað varðar ýmis réttindi, t.d. lengd **launaðs** sumarfrís.
- Réttindi eins og frídagar, endurgreiðslur vegna náms, veikindaleyfi, greiðslur úr lífeyrissjóði vegna veikinda og atvinnuleysisbætur eru metin út frá aldri og áunnum réttindum.
- Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði eru tengdar **lengd og starfshlutfalli á íslenskum vinnumarkaði** (lágmark 6 mánaða vinna fyrir fæðingu barns). Einnig er hægt að sækja um fæðingarstyrk, en það er lág upphæð.

# Stéttarfélag – hvað er það?

---

- Starfsmenn á vinnumarkaði hafa sín eigin stéttarfélög.
- Sum stéttarfélög eru fagtengd og einungis fyrir eina starfsstétt, t.d. Læknafélag Íslands.
- Stærstu stéttarfélögin á Íslandi eru fyrir margar starfsstéttir. VR, Efling og Sameyki eru stærstu stéttarfélögin.
- Stéttarfélög semja við atvinnurekendur um laun, vinnutíma og réttindi fyrir hönd félagsmanna sinna.



# Stéttarfélög – ávinningur félagsmanna

---

- Tilgangur stéttarfélaga er fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna.
- Stéttarfélög eiga sumarbústaði og orlofsíbúðir út um allt land sem félagsmenn geta leigt í nokkra daga fyrir lítið fé. Hjá mörgum stéttarfélögum er hægt að kaupa ferðaávisun sem gildir sem hærri upphæð upp í flugmiða.
- Það er frábært að skreppa í frí í fallett umhverfi og slaka á. Allir eiga rétt á að leigja sumarbústað eða orlofsíbúð. Húsin eru með öllum búnaði og oftast með heitum potti.



# Stéttarfélög – ávinningur félagsmanna, framhald



- Stéttarfélög reka líka fræðslusjóði og sjúkrasjóði sem félagsmenn geta sótt í vegna náms eða kostnaðar vegna t.d. íslenskunámskeiða, heilsuræktar, sjúkraþjálfunar, sálfræðikostnaðar eða gleraugna.
- Reglur um þetta eru mismunandi eftir stéttarfélögum.
- Stéttarfélög styrkja einnig dvöl á sjúkrahótteli fyrir þá sem búa úti á landi og þurfa að sækja sér læknismeðferð í Reykjavík.
- Allir geta fengið aðstoð hjá sínu stéttarfélagi ef þeir eru ekki vissir um réttindi sín eða halda að brotið hafi verið á réttindum þeirra (t.d. hvað varðar kjarasamninga).

# Stéttarfélög - framhald

- Félagsmenn í stéttarfélagi greiða félagsgjald sem er lágt. Það er dregið af laununum.
- Það er ekki skylda að vera í stéttarfélagi en ávinningurinn er ótvíræður.
- Þótt maður missi starf er hægt að halda áfram að greiða í stéttarfélag og viðhalda réttindum sínum þar.
- ASÍ eru stærstu heildarsamtök launafólks á Íslandi. [www.asi.is](http://www.asi.is) Stéttarfélög eiga aðild að samtökunum. ASÍ er samstarfsvettvangur aðildarféлага og kemur fram fyrir hönd þeirra í sameiginlegum málum gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda (SA). [www.sa.is](http://www.sa.is),

# Trúnaðarmaður – hvað er það?

---

- Trúnaðarmaður er tengiliður starfsfólks við stéttarfélag og atvinnurekenda.
- Trúnaðarmaður er starfsmaður sem er valinn af samstarfsfólki sínu og er bundinn trúnaði við það.
- Hlutverk hans er m.a. að miðla upplýsingum frá stéttarfélagi og vera til staðar fyrir starfsmenn hvað varðar upplýsingar og aðstoð tengt réttindum og skyldum starfsmanna.
- Ef þú heldur að það sé verið að brjóta á réttindum þínum í vinnunni skaltu leita til trúnaðarmanns á vinnustaðnum eða beint til stéttarfélagsins þíns.



# Laun og skattar

---

- Á Íslandi eru laun yfirleitt greidd út mánaðarlega, um mánaðarmót.
- Tekjur eftir skatt eru millifærðar á bankareikninga starfsmanna.
- Launaseðillinn er lang oftast rafrænn og er sýnilegur undir „Mín skjöl“ í heimabanka fólks (á netinu) eða á [www.island.is](http://www.island.is)
- Launaseðillinn sýnir útborguð laun, heildarlaun, greidda skatta og önnur launatengd gjöld.
- Heildartekjur er upphæð launa fyrir frádrátt vegna skatta og launatengdra gjalda.
- Útborguð laun er upphæðin sem er millifærð á bankareikning.
- Allt launafólk á að fá launaseðla þar sem koma fram tekjur og frádráttur.

# Launatengd gjöld

---

- Launatengd gjöld eru til dæmis:
  - greiðslur í lífeyrissjóð
  - félagsgjald í stéttarfélag
  - gjald í starfsmannafélag á vinnustaðnum
  - matarkostnaður ef að starfsmaður borgar fyrir mat á vinnustaðnum.
- Atvinnurekanda er einnig skylt að draga frá launum meðlagsgreiðslur með börnum eða ógreidd opinber gjöld og greiða ríkinu.
- Allar greiðslur og allur frádráttur á að koma fram á launaseðlinum í hverjum mánuði.

# Skattar – mikilvæg stoð í velferðarríki



- Íslenska velferðarríkið byggir á því að fólk greiði skatta og önnur opinber gjöld. Skatttekjur ríkisins eru notaðar til að greiða opinbera þjónustu og félagslegar bætur. [www.rsk.is](http://www.rsk.is)
- Öllum sem afla tekna (launafólk og verktakar) ber skylda til að greiða tekjuskatt og útsvar.
- Tekjuskattur fer til ríkisins.
- Útsvar er skattur sem fer til þess sveitarfélags þar sem maður býr.
- Launagreiðanda er skylt að draga skatt af tekjum launþega og greiða ríkinu skattinn.

# Skattar – framhald

- Launafólk greiðir misháa skatta og fer það eftir tekjum.
- Skattakerfið byggir á skattaprepum sem fara eftir tekjum fólks.
- Að meðaltali greiðir fólk um 37,4% tekna sinna í skatt og launatengd gjöld.
- Persónuafsláttur dregst frá skattinum. Afslátturinn er 59.916 kr. á mánuði á árinu 2023.  
<https://www.rsk.is/einstaklingar/stadgreidsla/personuafslattur/>
- Allir sem verða 16 ára á tekjuárinu og eldri og eru heimilisfastir á Íslandi eiga rétt á persónuafslætti.

# Skattframtal

---

- Öllum er skylt að skila skattframtali til skattayfirvalda í **mars** á hverju ári. Líka þeim sem þiggja félagslegar bætur eða örorkubætur.
- Ef að einstaklingur skilar ekki inn skattframtali áætla ríkisskattstjóri tekjur á viðkomandi!
- Skattframtal er rafrænt skjal þar sem koma fram allar tekjur, eignir, skuldir og skattgreiðslur ársins hjá viðkomandi.
- Skattayfirvöld fara yfir skattframtalið og reikna út opinber gjöld sem allir þurfa að borga og bætur ef við á.
- Vaxtabætur af húsnæðislánum og barnabætur til að styðja við barnafjölskyldur eru reiknaðar út frá skattframtali. **Slíkar bætur eru tekju – og eignatengdar.**



# Skattframtal – framhald

---

- Skattframtalið er rafrænt.
- Það er yfirleitt búið að setja inn allar upplýsingar fyrir fram eins og tekjur og frádreginn skatt af launaðri vinnu.
- Það þarf að staðfesta framtalið og skila því inn með rafrænum hætti. Það er gert með veflykli eða rafrænum skilríkjum.
- Skattframtali er skilað inn í mars ár hvert undir „Mínar síður“ á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) (Þjónustuvefur).
- Álagningarseðill kallast niðurstöðurnar frá skattinum af skattframtali hvers og eins. Þar koma fram opinber gjöld, bætur og hvort sé inneign eða skuld hjá viðkomandi. Álagningarseðillinn er rafrænn undir „Mínar síður“ á [www.skattur.is](http://www.skattur.is)

# Lífeyriskerfið

- Þegar fólk hættir að vinna vegna aldurs (67-70 ára) fær það ellilífeyri og oftast einnig greiðslur úr lífeyrissjóði.
- Ellilífeyrir kemur frá ríkinu, frá almannatryggingum (Tryggingastofnun ríkisins). Réttindi fólks í almenna tryggingakerfinu **tengjast lengd búsetu á Íslandi.** [www.tr.is](http://www.tr.is)
- Lögum samkvæmt á allt launafólk og fólk með sjálfstæðan atvinnurekstur að greiða iðgjald í lífeyrissjóð, að lágmarki 15,5% af heildarlaunum – sem skiptist milli launþega og atvinnurekenda. Launamaður greiðir sjálfur 4 % og 11,5% er greitt af atvinnurekanda.



This Photo by Unknown Author is licensed under [CC BY-SA-N](https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/)

# Lífeyriskerfið - framhald

---

- Tilgangur lífeyrissjóða er að tryggja sjóðsfélögum ellilífeyri til æviloka. Greiðslur úr lífeyrissjóði koma einnig til móts við tekjumissi vegna örorku eða andláts maka.  
[www.lifeyrismal.is](http://www.lifeyrismal.is)
- Lífeyrisgreiðslur ráðast af iðgjaldagreiðslum hvers einstaklings á starfsævinni og afkomu sjóðanna.
- Sumir lífeyrissjóðir eru opnir öllum en aðrir bundnir við ákveðnar starfsgreinar.
- Viðbótarlífeyrissparnaður er valfrjáls. Launafólk getur greitt 4% af heildarlaunum til viðbótar í lífeyrissjóð og fá þá mótframlag frá launagreiðanda. Mjög margir gera þetta.

# Vinnumálastofnun



- Vinnumálastofnun (VMST) er opinber stofnun sem starfar skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum um atvinnuleysistryggingar. [www.vmst.is](http://www.vmst.is)
- Almenn þjónusta Vinnumálastofnunar við einstaklinga er m.a. skráning, mat á færni, ráðgjöf, úrræði og vinnumiðlun.
- Vinnumálastofnun er með aðalstöðvar í Reykjavík en rekur útibú í kringum landið.
- Vinnumálastofnun greiðir út atvinnuleysisbætur. Þær eru alltaf tímabundið úrræði.
- Sá sem er á atvinnuleysisbótum þarf alltaf að vera virkur í atvinnuleit og vera tilbúinn að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum.

# Vinnumálstofnun - framhald

---

- Einstaklingur getur samtals átt rétt á atvinnuleysisbótum í 30 mánuði frá því að hann sótti um bætur.
- Launafólk á aldrinum 18-70 ára á rétt á atvinnuleysisbótum að því tilskildu að það hafi áunnið sér tryggingarétt og uppfylli ýmis skilyrði.
- Til að geta átt rétt á atvinnuleysisbótum þarf einstaklingur að hafa heimild til að ráða sig í vinnu hér á landi **án takmarkana**.
  - Handhafar alþjóðlegrar verndar hafa ótakmörkuð dvalar- og atvinnuréttindi og geta því átt rétt á atvinnuleysisbótum að öðrum skilyrðum uppfylltum.
  - Handhafar dvalarleyfa á grundvelli mannúðarsjónarmiða og/eða bráðabirgðadvalarleyfi hafa takmarkaðar heimildir til að ráða sig til vinnu hér á landi og eiga því ekki rétt til greiðslu á atvinnuleysisbótum. (Fái þeir einstaklingar síðar útgefin ótímabundin dvalarleyfi þá geta þeir sótt um atvinnuleysisbætur.)

# Vinnumálastofnun - framhald

---

- Verkefni Vinnumálastofnunar eru m.a. að:
  - Halda skrá yfir laus störf og miðla upplýsingum um laus störf til atvinnuleitenda.
  - Annast skráningu atvinnulausra og greiðslu atvinnuleysisbóta.
  - Annast skipulag vinnumarkaðsúrræða eins og námskeiða, starfsúrræða, ráðgjafar og atvinnutengdrar endurhæfingar.
  - Halda utan um, afla og miðla upplýsingum um atvinnuástand á landinu.
  - Annast útgáfu atvinnuleyfa og skráningu útlendinga á vinnumarkaði.
  - Annast eftirlit með erlendu vinnuafli í samstarfi við önnur stjórnvöld.
  - Vinna að því að tryggja erlendum ríkisborgurum sömu launakjör og aðrir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.
  - Starfrækja flóttamannateymi og alþjóðadeild sem leita úrræða og sinna þjónustu við fólk af erlendum uppruna sem tengjast virkni á vinnumarkaði.

# Skattsvik

- Stundum vinnur fólk og fær laun sem eru ekki gefin upp opinberlega og fólk borgar enga skatta. Það er kallað að „vinna svart“.
- Slík atvinnustarfsemi er ólögleg og refsiverð.
- Atvinnurekandi sem greiðir ekki skatta af starfsemi sinni og starfsfólk sem greiðir ekki skatta af tekjum sínum leggur ekki sitt af mörkum til samfélagsins.
- Skatttekjur eru notaðar til að standa undir þjónustu og framkvæmdum sem gagnast öllum í samfélaginu.

# Að vinna svart – hvað þýðir það?

---

- Að vinna svart þýðir fyrir einstakling:
  - Engin laun í veikindafríi.
  - Ekki laun í sumarfríi.
  - Engin söfnun lífeyrisréttinda.
  - Enginn réttur til atvinnuleysisbóta.
  - Engin slysatrygging vegna starfs.
  - Minni möguleikar á bankaláni eða húsnæðisláni.
  - Minni möguleikar á að fá íbúð til leigu.
  - Ekki ráðningarsamningur, meðmæli eða skráð starfsreynsla.
  - Erfiðara að fá önnur störf.



# Verktakavinna

- Sá sem tekur að sér, gegn endurgjaldi, að vinna eða annast um tiltekið verk fyrir annan aðila og ábyrgist árangur verksins telst verktaki.
- Verktaki gefur út reikninga fyrir vinnu sína og borgar sjálfur skatta og launatengd gjöld.
- Verktaki þarf að skila skattframtali og tiltaka tekjur og gjöld (kostnað).
- Atvinnurekandi (verktaki) sem hefur fólk í vinnu (starfsmenn/launamenn) kallast einnig vinnuveitandi og ber tilteknar skyldur sem slíkur.



# Eigin atvinnurekstur



- Áður en rekstur hefst þarf að tilkynna um reksturinn til ríkisskattstjóra hvort sem hann er rekinn í félagi eða á kennitölu einstaklings (einstaklingsrekstur).
- Einnig þarf að tilkynna breytingar á rekstrinum sem og lok rekstrar (ef fyrirtæki hættir).
- Í eigin atvinnurekstri þarf að halda vel utan um fjármálin:
  - Færa bókhald og greiða virðisaukaskattinn reglulega.
  - Skrá tekjur jafnóðum og þær berast.
  - Gefa út reikninga.
  - Skila ársreikningi eftir lok hvers rekstrarárs.
  - Skila skattframtali.
- Ríkisskattstjóri býður reglulega upp á námskeið fyrir þá sem eru að hefja eigin rekstur, [www.rsk.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/](http://www.rsk.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/)

# Atvinnuleit

---

- Þó að atvinnuleysi sé venjulega lítið á Íslandi getur verið samkeppni um störf.
- Flest störf eru auglýst í dagblöðum og/eða á netinu.
- Stór fyrirtæki auglýsa laus störf á heimasíðu sinni eða bjóða upp á að hægt sé að leggja inn umsókn ef starf losnar.
- Vinnumiðlanir eru einnig margar þar sem hægt er að sjá mörg störf í boði. Sú stærsta er Alfreð: [www.alfred.is](http://www.alfred.is)
- Mjög oft á að fylla út umsókn á netinu og láta fylgja (sem viðhengi) ferilskrá, kynningarbréf og vottorð ef á þarf að halda.
- Einnig er hægt að senda tölvupóst beint til fyrirtækis, hringja eða mæta á staðinn til að sækja um starf eða biðja um atvinnuviðtal.
- Boðað er í atvinnuviðtal með tölvupósti eða símtali.

# Atvinnuleit – framhald

---

- Starfsumsókn þarf að innihalda:
  - Kynningarbréf þar sem kemur fram stutt kynning á einstaklingnum, upplýsingar um faglegan bakgrunn ef við á og rök fyrir hæfni og áhuga fyrir starfinu.
  - Ferilskrá (CV) – það er skrifað yfirlit yfir menntun og starfsreynslu. Þar eiga að vera upplýsingar um:
    - Persónuleg atriði (mynd, nafn, kennitala, netfang og símanúmer) og persónulega hagi ef maður vill.
    - Menntun
    - Starfsreynslu
    - Tungumálakunnáttu
    - Annað sem kann að skipta máli
    - Meðmælendur

# Þáttur innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði

---

- Innflytjendur á Íslandi eru frá öllum heimshornum en Pólverjar eru langfjölmennasti hópur innflytjenda.
- Oft reynist innflytjendum erfitt að fá menntun sína metna til jafns við íslenskar prófgráður. Hægt er að fá sækja um vottun á prófskírteinum hjá viðeigandi fagfélagi í gegnum Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.
- ENIC/NARIC skrifstofan veitir ráðgjöf varðandi mat á fyrra námi. [www.enic-naric.net](http://www.enic-naric.net)
- Raunfærnimat fyrir m.a. iðngreinar og fleiri störf er á vegum framhaldsfræðslunnar. [www.idan.is](http://www.idan.is)

# Innflytjendur á vinnumarkaði



- Það er mikilvægt að læra íslensku eins vel og hver getur og nýta tækifæri til að æfa sig. Jafnvel lágmarkskunnátta hjálpar til við að fá vinnu.
- Íslenskt samfélag er að aðlagast fjölmennningarlegu samfélagi og stundum eru stjórnendur fyrirtækja hikandi við að veita innflytjendum tækifæri á vinnumarkaði.
- Þörfin fyrir fjölbreytt menntunar- og starfsþjálfunarúrræði fyrir fólk af erlendum uppruna eykst eftir því sem fólki af erlendum uppruna fjölgar á Íslandi.
- Þörf er fyrir nám sem sameinar íslenskunám og grunnnám, nám á framhalds- og háskólastigi eða starfstengt nám.

# Vefsíður

- [www.alfred.is](http://www.alfred.is)
- [www.asi.is](http://www.asi.is)
- [www.attavitinn.is/vinna/atvinnuleit](http://www.attavitinn.is/vinna/atvinnuleit)
- [www.efling.is](http://www.efling.is)
- [www.enic-naric.net](http://www.enic-naric.net)
- [www.idan.is](http://www.idan.is)
- [www.island.is](http://www.island.is)
- [www.lifeyrismal.is](http://www.lifeyrismal.is)
- [www.mcc.is](http://www.mcc.is)
- [www.rsk.is](http://www.rsk.is)
- [www.rsk.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/](http://www.rsk.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/)
- [www.sa.is](http://www.sa.is)
- [www.sameyki.is](http://www.sameyki.is)
- [www.skattur.is](http://www.skattur.is)
- [www.skra.is](http://www.skra.is)
- [www.tr.is](http://www.tr.is)
- [www.utl.is](http://www.utl.is)
- [www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi](http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi)
- [www.vinnumalastofnun.is/faedingarorlofssjodur](http://www.vinnumalastofnun.is/faedingarorlofssjodur)
- [www.vmst.is](http://www.vmst.is)
- [www.vr.is](http://www.vr.is)



**Stjórnarráð Íslands**  
Félagsmálaráðuneytið